
Ólyginn sagði . . .



David Cassidy

hefur tekist að brúa kynslóðabilið. Þessi sætabrauðsdrengur, sem söng sig inn í hjörtu almennings fyrir tæpum 20 árum með vellulegum ástarsöngvum og lék í sjónvarpsþáttunum um Partridge fjölskylduna, sem var sá allra lummulegasti, hefur nú gefið út nýja plötu. Að þessu sinni reynir hann að höfða til unglinga nútímans með fáguðu þungarokki. Ef marka má amerísk slúðurblöð þá hefur honum tekist það. Það sem er fróðlegt er að Davíð lítur nákvæmlega eins út og hann gerði fyrir tveimur áratugum. Slíkt er ekki hægt nema með annaðhvort engilhreinu líferni eða andlitslyftingum. Hvorn kostinn Dabbi hefur valið er vont að segja en trúlega hefur hann lagst undir hnífinn og fórnað nokkrum fellingum.



Penelope Ann Miller

er ung og upprennandi leikkona sem meðal annars gefur að líta í nýrri kvikmynd í Stjörnubíói þar sem hún leikur dóttur mafíósans sem leikinn er af Marlon Brando. Eins og fleiri ungir leikarar var hún nokkuð taugaóstyrk yfir því að þurfa að leika á móti lifandi goðsögn sem var að springa úr spiki í þokkabót. Hún segir að þetta hafi verið afar skemmtileg reynsla og Brando hafi kennt sér eina haldgóða brellu. Það er að þykjast svelgjast á eða fá skyndilegt hóstakast ef maður gleymir textanum. Þá er ráðrúm til þess að rifja upp textann eða ná sambandi við hvíslarann. Auk þess fullyrti Brando að leikstjórar væru ávallt hrifnir af dramatískum hósta.




Henry Thomas


varð svokölluð barnastjarna þegar hann lék í fjölskyldumyndinni um E.T. geimbúann góðlega sem minnti á vanskapaðan frosk. Thomas er nú 18 ára gamall og hefur heldur betur söðlað um í hlutverkavali sínu því hann fer á kostum í kvikmyndinni Psycho IV en óprúttnir peningamenn eru langt komnir með að gera þetta gamla meistaraverk Hitchcocks að einhvers konar endaleysu í formi framhaldsmynda. Thomas er brattur yfir sínum hlut og segir að ungar stúlkur fái í hnén á stefnumótum þegar hann segi þeim frá morðum sem hann hefur framið á hvíta tjaldinu.

Furðuverk á Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Brynhildar Þorgeirsdóttur myndhöggvara. Brynhildur er búsett í Bandaríkjunum og sýnir samlöndum sínum skúlptúra úr gleri, steinsteypu og hrosshári. Verkin líkjast oft einhverjum steinrunnum dýrum eða furðuverkum. Fjölmenni var að vonum við opnun sýningarinnar enda telst hún til stærri listviðburða.



Eins og hvað er þetta eiginlega? DV-myndir Brynjar Gauti



Á myndinni má meðal annars þekkja Árna Bergmann ritstjóra.

Neita að framselja dóttur Brandos

Frönsk yfirvöld neita að framselja Cheyenne Brando, dóttur leikarans góðkunna, til Bandaríkjanna svo að hún geti borið vitni í morðmáli sem höfðað er gegn hálfbróður hennar. Cheyenne dvelst á Tahiti sem er frönsk nýlenda en réttarhöldin fara fram í Kaliforníu. Hún er franskur ríkisborgari.

Christian Brando er ákærður fyrir að hafa skotið til bana Dag Drollet, heitmann hálfsystur sinnar. Hann hefur lýst sig saklausan en segir skot hafa hlaupið úr byssunni þegar hann og Drollet tókust á.




Arnarflug sáluga hélt árshátíð sína á dögunum eins og ekkert hefði í skorist en félagið hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta. Á myndinni sjást Kristinn Sigtryggsson framkvæmdastjóri og Geir Gunnarsson stjórnarformaður spá í bolla af kaffi. DV-mynd Brynjar Gauti

Allsberir kúnnar

Hljómplötuverslun í Melbourne í Ástralíu datt niður á óvenjulega aðferð til þess að laða til sín viðskiptavini á dögunum. Hún lofaði, hverjum þeim sem treysti sér til þess að spranga nakinn um búðina og gramsa, ókeypis tímum í stúdíói.


Þeir voru talsvert margir sem tóku kaupmennina á orðinu og vöppuðu á fæðingarfötunum um verslunina öðrum til augnayndis og sjálfum sér til framdráttar.



Naktir kúnnar í verslun í Melbourne. Símamynd Reuter

Bush í hundana

Þrátt fyrir hugsanlegan Flóabardaga á Persaflóa gefur önnum kafinn forseti Bandaríkjanna sér tíma til þess að bregða á leik með ferfættum vinum. Forsetahjónin eiga nokkra hreinræktaða hunda og er ættmóðirin Millie eflaust þeirra þekktust en hún komst á síður heimspressunnar í fyrra þegar hún fann moldvörpu í garði Hvíta hússins.



Bush bregður á leik með Millie og Vic Could sem er pólitískur ráðgjafi hans. Símamynd Reuter



Ingerborg Kolseth er ljóshærð og bláeyg. Símamynd Reuter

Ungfrú Lille-hammer

Þessi íturvaxna blondína frá Lillehammer er framlag frænda okkar Norðmanna til alþjóðlegrar kvenlegrar fegurðar. Þessa stúlku kusu þeir þá fegurstu í Noregi og ætlar hún því að etja kappi við aðrar fegurðardísir heimsins um titilinn fegursta kona heims.

Frökenin heitir Ingerborg Kolseth og er ljóshærð með blá augu. Hún er fimm fet og tíu þumlungar á hæð og leikur á fiðlu í frístundum sínum en starfar í gestamóttöku. Á myndinni er hún á heimaslóðum í Lillehammer en þar eiga næstu vetrarólympíuleikar að fara fram.